

103 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Líknarsjóð Hallgrímskirkju í 25. júlí Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. júlí 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Hallgrímskirkju í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Hallgrímskirkju í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Helga Gíslasyni bónda, frá Kirkjubrú á Álftanesi, með kr. 2000 — tvö þúsund krónum — til minningar um eiginkonu hans, Sigurbjörtu Halldórsdóttur, er andaðist 25. júlí 1941. Tilgangur sjóðsins er að styrkja nauðstadda í Hallgrímsprestakalli í Reykjavík.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, einn maður kosinn af sóknarnefnd, til 5 ára, og sé hann formaður, báðir þjónandi prestar safnaðarins, féhirðir sóknarnefndar, og ein kona, kosin til 5 ára af stjórn kvenfélags safnaðarins. Stjórnin kys úr sínum hópi féhirði og ritara. Stjórnin er ólaunuð.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Allar tekjur, er sjóðnum berast, svo sem vexti af innstæðu, gjafir og áheit, skal leggja við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 10 þúsund krónur, eftir það má úthluta $\frac{3}{4}$ ársvaxtanna, en $\frac{1}{4}$ ársvaxta, svo og gjafir og áheit, skal leggja við höfuðstólinn.

Þegar sjóðurinn er orðinn 50 þúsund, er heimilt að úthluta öllum ársvöxtum hans, en allar aðrar tekjur skulu ávallt lagðar við höfuðstólinn.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10 þúsund krónur, skal stjórnin, 10.—12. desember ár hvert, úthluta styrkjum úr sjóðnum. Ekki skal veita sama styrkþega styrk oftár en einu sinni, nema allar ástæður mæli með því og $\frac{1}{2}$ stjórnar samþykki.

6. gr.

Engar útborganir úr sjóðnum mega eiga sér stað, nema þær, er um getur í 5. gr., svo og smáupphæðir, sem óhjákvæmilegar eru vegna sjóðsins sjálfs, t. d. prentun, ritföng o. fl.

7. gr.

Gjaldkeri sjóðsins skal 18.—20. desember ár hvert, eftir að sjóðurinn er tekinn til starfa, afhenda styrkþegum styrki þeirra gegn kvittun þeirra, eða forráðamanna þeirra, ef styrkþegi getur ekki sjálfur kvittað fyrir móttöku styrksins. Kvittanir þessar skulu vera fylgiskjöl með ársreikningi sjóðsins.

Ársreikningur skal endurskoðaður af endurskoðendum safnaðarreikninganna, og berast upp til samþykktar á aðalsafnaðarfundi.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

8. gr.

103

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. 25. júlí

Reykjavík, 17. júlí 1949.

Sigurbjörn Einarsson.

Helgi Gíslason.

Gísli Jónasson.

AUGLÝSING

104

28. júlí

um breyting á gjaldskrá fyrir landssímann frá 28. des. 1946.

1. gr.

Öll símagjöld samkvæmt I.—IV. kafla og VIII.—X. kafla hækka um 10%.

2. gr.

Í V. kafla A. 1. breytast símtalagjöldin þannig:

Um	0— 25 km	línulengd	kr.	2.00
—	25—100	—	—	— 3.50
—	100—225	—	—	— 4.50
—	225—350	—	—	— 6.00
—	350—475	—	—	— 7.00
	Yfir 475	—	—	— 8.00

3. gr.

Í VI. kafla A. breytast gjöld fyrir innanlandsskeyti, 1.—6. liður, þannig:

1. *Venjuleg símskeyti*: 35 au. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 3.50.
2. *Innanbæjarskeyti*: 20 au. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 2.00.
3. *Blaðaskeyti*: 10 au. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 2.00.
4. *Hraðskeyti*: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 7.00.
5. *Veðurskeyti*: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. *Heillaskeyti*: Sama gjald og fyrir venjuleg símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 4.00—10.00, eftir gerð eyðublaðsins.

Jóla- og nýárskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 8.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 6.00.

4. gr.

Gjald fyrir útburð skeyta og fyrir boðsendingar samkvæmt 11. lið VI. kafla og 6. lið XI. kafla hækkar um 10%.

5. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti, og gengur breytingin samkvæmt 1. gr. í gildi 1. október 1949, en breytingar samkvæmt 2., 3. og 4. gr. 1. ágúst 1949.

Samgöngumálaráðherrann, 28. júlí 1949.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.